

Skorradalshreppur  
Grund  
311 Borgarnes

Reykjavík, 7. febrúar 2024  
UST202401-215/A.B.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Kiðhúsabali í landi Fitja - Skorradalshreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps er barst 19. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Kiðhúsabala í Skorradalshreppi.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið gengur út á skipulag fyrir níu frístundalóða í frístundabyggð sem byggðist upp á árunum 1970 til 1983. Um er að ræða lóðirnar Fitjahlið 47, 49, 51, 53, 54, 56, 58, 60 og 62. Skipulagssvæðið er samtals 2,3 ha. að stærð og er beggja vegna Skorradalsvegjar.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í forsendum skipulagsins hver staða fráveitumála sé á svæðinu, þar sem komi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert sé ástand viðtakans.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 (gr. 4.3) um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélag ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Þrátt fyrir ákvæði í 3. mgr. getur heilbrigðisnefnd heimilað að beitt sé öðrum lausnum en safnkerfi og sameiginlegu hreinsivirki þar sem losun er minni en 2.000 persónueiningar og ef ríkar ástæður mæla með, svo sem ef kostnaður er óvenjumikill miðað við umhverfislegan ávinning. Við mat á slíkum lausnum skal heilbrigðisnefnd taka tillit til gæða, getu og skilgreiningar viðtaka, jarðvegsgerðar, legu lands og umhverfisaðstæðna að öðru leyti.

Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi. Í þeirri reglugerð (gr. 13.4) kemur fram að skólpi og öðru fráveituvatni sem verður ekki veitt í almenna fráveitu, t.d. frá frístundahúsum, skal afla fyrirmæla og leyfis heilbrigðisnefnda hverju sinni.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólpi nr. 798/1999, en gr. 7.2 sem fjallar um hreinsun skólps segir: „Skólpi skal hreinsa með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa ef viðtaki er viðkvæmur eða nýtur sérstakrar verndar vegna nytja af ýmsu tagi, lífríkis, jarðmyndana eða útivistar, auk annarra sérstakra vatnsverndunarsvæða, sbr. II. viðauka A.“ Umhverfisstofnun bendir á að Skorradalsvatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Umhverfisstofnun vill benda á leiðbeiningarit<sup>1</sup> um minni fráveitur sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Einnig bendir stofnunin á að þar sem þörf er á úrbótum í fráveitumálum þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins er varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta er.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Rakel Sæmundsdóttir

***sérfræðingur***

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b\\_minni%20fr%3a1veitur\\_LOKA.pdf](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Lei%3fb0b_minni%20fr%3a1veitur_LOKA.pdf)